



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2020060102

24. júní 2020

### Tillaga um umferðarfyrirkomulag Hallgerðargötu

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki að:

- Hámarkshraði á Hallgerðargötu verði 30 km/klst.
- Umferð á hliðargötum Hallgerðargötu víki fyrir umferð á Hallgerðargötu.
- Umferð á Hallgerðargötu víki fyrir umferð á Borgartúni.
- Umferð á Hallgerðargötu víki fyrir umferð á Kirkjusandi.
- Tvö bifreiðastæði verði afmörkuð fyrir hreyfihamlaða austast í hliðargötu Hallgerðargötu milli húsa nr. 1 og 19.



Mynd 1 – Staðsetning Hallgerðargötu

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum. Forgangur verði gefinn til kynna með biðskyldu.

Í samræmi við 1. og 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Ráðgjafaverkfræðingur